

12
4. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við
vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 3. grein laganna bætist: eða stundað vjelgæslu samkvæmt
2. grein að minsta kosti 12 mánuði.

2. gr.

Fyrir orðin „6 mánuðir“ í 4. gr. áðurnefndra laga komi: 12 mánuðir.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla
vjel og þar yfir, sem hefir skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga
nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess
verið að minsta kosti 6 mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hest-
afla vjel eða stærri.

4. gr.

2. málsg. 7. gr. orðist svo:

Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því
starfi 12 mánuði eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjett-
indum sínum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

6. gr.

12

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í megin-
mál laga nr. 29, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

4. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

13

4. júní

um

mælitæki og vogaráhöld.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota
mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og
áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd
í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við af-
hendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upp-
hæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt
eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og
eftirliti háð.